

Kópavogur: 1. júní 2015

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um lýðháskóla. 502. mál. Þingskjal 870.

Í fyrsta lagi er ekki ljóst að um háskóla sé að ræða. Inntökuskilyrði gefa það ekki til kynna og því vafasamt að kalla þá skólastarfsemi sem lýst er háskóla. Markmið væntanlegrar löggjafar er að gera rekstrarumhverfi lýðháskóla sambærilegt því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Rekstrarumhverfi háskóla á Íslandi er í dag ekki sambærilegt því sem er annars staðar á Norðurlöndunum. Nauðsynlegt er að laga það fyrst áður en fleiri menntastofnunum verður komið á fót með stuðningi hins opinbera.

Auka má áherslu á hið talaða orð, umræður og rökræður í grunnskóla og framhaldsskóla. Vísað er í fjölbreyttar kennsluáferðir og nútímavæðingu framsetningu námsefnis í grunn- og framhaldsskóla (úr skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 2012). Það er einmitt það sem þarf að gera í grunn- og framhaldsskólum en hefur ekki verið fjármagnað af hinu opinbera. Það er því frekar furðulegt að lagt sé til að stofna lýðháskóla til að gera eitthvað sem lagt er til í þeirri skýrslu að gert verði í grunn- og framhaldsskólum. Einnig þarf að efla mjög iðn- og tækninám á Íslandi en staðan í þeim málaflokki er mjög bágborin samanborið við Norðurlöndin. Undirritaður hvetur því þingmenn til að auka stuðning hins opinbera við þá starfsemi sem nú þegar er til staðar í menntastofnunum landsins.

Virðingarfyllst,

Hákon Hrafn Sigurðsson
Kt. 0803745859